

Ed.

149. Frumvarp til laga

[126. mál]

um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 10. 13. maí 1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Við 15. gr. laga nr. 10/1961 bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Seðlabankanum er heimilt að endurkaupa af innlánsstofnunum lán vegna útflutningsframleiðslu, sem framleiðendur og útflytjendur stofna til við þær, með þeim kjörum, að endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi ákveðins erlends gjaldeyris, breytingu á meðalgengi íslenskrar krónu eða höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri. Sé höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri, skal innlánsstofnun greiða lántaka lánsfé í íslenskum krónum miðað við kaupgengi hins erlenda gjaldeyris á lántökudegi. Seðlabankinn ákveður vexti af lánnum þessum svo og öll önnur lánskjör og skal tekið mið af lánskjörum erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Af hálfu ríkisstjórnar og framleiðenda hefur verið lögð áhersla á það, að lán til útflutningsframleiðslu verði með hagstæðari vaxtakjörum, þannig að framleiðendur búi við líkan hlut í lánskjörum og erlendir samkeppnisaðilar. Ein leið til þess að gera þetta kleift er, að lán til framleiðslunnar verði á gjaldeyrisgrundvelli og vextir sambærilegir við það, sem er á erlendum lánamarkaði.

Birgðalán til útflutningsgreina eru veitt í viðskiptabönkum og er verulegur hluti slíkra lána endurseldur Seðlabanka. Heimildir bankans til lánveitinga í erlendum gjaldeyri eru bundnar almennum takmörkunum, sem einkum greinir frá í 1. og 2. gr. laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Bankinn getur endurlánað óráðstafaðan hluta erlendra skuldbindinga, sem hann stendur í hverju sinni. Slíkt mótvægi til endurlána er mjög breytilegt frá einum tíma til annars og fer m. a. mjög eftir gjaldeyrisstöðu og því að hvaða marki hann endurlánar erlent fé til annarra aðila. Gera má ráð fyrir, að óráðstafað erlent mótvægi verði ekki ætíð nægilegt hjá bankanum til þess að standa á móti ráðgerðum lánnum. Að auki er gert ráð fyrir því að taka upp útflutningslán í erlendum gjaldeyri, þegar sölu-samningar liggja fyrir eða útskipun fer fram, sem ýmist verða veitt af Seðlabanka fyrir milligöngu viðskiptabanka hérlendis eða að þau verða veitt beint af erlendum bönkum á líkan hátt og gert hefur verið um árábil vegna vinnslu og dreifingar á freðfiski á markaði vestanhafs.

Heimild lagasetningar þessarar til Seðlabankans varðar birgðalán og útflutningslán vegna útflutningsframleiðslu. Lántakar, framleiðendur og útflutningsaðilar skipta í þessu tilliti við innlánsstofnun (í reynd fyrst og fremst viðskiptabanka), en lánin eru síðan endurseld Seðlabanka skv. afurðalánareglum hans á ábyrgð viðskiptabankans. Útgáfa skuldaskjala getur verið á þrjá vegu, svo sem greint er frá í 1. gr. Lánin verða væntanlega bókfærð í erlendum gjaldeyri í bönkunum, en þó að skuldbinding framleiðenda eða útflytjanda sé í erlendum gjaldeyri, verður útborgun lánsins samt að vera í krónum.

Eðlilegt er, að heimildin sé í lögum Seðlabankans. Það skal þó áréttað, að í heimildinni er gert ráð fyrir því, að lántakar fái greind lán við innlánsstofnun (banka eða sparisjóð) til eftirfarandi endursölu til Seðlabankans.

Er umrædd lagabreyting nauðsynleg forsenda þess, að bankarnir geti veitt umrædd lán.